

Góðan daginn,

Marel birtir uppgjör þriðja ársfjórðungs á morgun. Árið hefur einkennst af versnandi framlegð og uppgjörum undir væntingum. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að ná framlegð félagsins aftur á strik svo sem uppsögnum og hækkunum í verðskrá og gera spár nú ráð fyrir að framlegð batni um rúmlega prósent á milli fjórðunga (-3,8% á milli ára).

Þetta verður fyrsti fjórðungurinn þar sem Wenger er inni allt tímabilið en á þeim 21 degi sem stoðin var inni á 2F námu tekjur þess 2,9% af heildartekjum Marel á fjórðungnum. Niðurstaða Wenger verður sett fram sem fjórða stoð félagsins.


EUR m.	Q3 21	Low	Mean	High	vs mean cons.
Orders received	361	425,5	448,9	466,5	24,35%
Revenues	331,9	398,3	414,7	430,8	24,95%
Adj. EBIT	36	24,8	32,2	38,9	-10,56%
Adj. EBIT%	10,8%	6,2%	7,7%	9,0%	-3,1%

Greiningaraðilar gera ráð fyrir tölverðum tekjuvexti á milli ára eða um 25%. Það liggur þó fyrir að tilkoma Wenger mun þar hafa jákvæð áhrif en fróðlegt verður að sjá hvort um innri vöxt sé sömuleiðis að ræða. Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir því að bati muni eiga sér stað í EBIT framlegð á milli fjórðunga og að hún fari úr 6,3% í 7,7% sem er þó tölverður samdráttur á milli ára (nam 10,8% í fyrra).


Það er fátt í ytra umhverfi félagsins um þessar mundir sem bendir til þess að það sé komið fyrir vind. PMI tölur fyrir framleiðslufyrirtæki halda áfram að versna og gefa til kynna að samdráttur sé að eiga sér stað á milli mánaða allan fjórðunginn. Eins eru uppgjör samanburðarfélaga Marel ekki búin að vera neinar flugeldasýningar. JBT lækkuðu spá sína fyrir árið en benda þó á batnandi framlegð í FoodTech og Alfa Laval birti niðurstöður langt undir væntingum.

Aftur á móti virðist aðeins vera að birta til í flutningsmálum en til að mynda benti Össur á það í uppgjöri sínu að verð til þeirra væru farin að lækka og vísitölur hafa einnig farið hratt lækkandi.

Manufacturing PMI - Eurozone




Drewry World Container Index




Hér að neðan má sjá hvernig þróunin hefur verið á framlegð og tekjum eftir sviðum og fjórðungum. Kjöthlutinn hefur þar sérstaklega átt undir högg að sækja í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu og er viðbúið að þeir erfiðleikar eigi eftir að halda áfram. Það verður þó spennandi að sjá hvernig til tekst að ná Ali-fugla- og fiskhluta rekstursins aftur á rétta braut. Einnig verður gaman að sjá hvernig svið Wenger kemur til með að hefja leika.

EBIT% by sectors




Revenues by sector - EURm



Verðlagning

Hér að neðan má sjá verðlagningu á EV/EBIT og P/E margfaldara m.v. meðaltalsspá greiningaraðila fyrir Marel. Einnig er samanburður við erlend félög þar að neðan.

MAREL IR -EV/EBIT





MAREL IR - P/E



P/E

EV/EBIT



Bergsteinn Pálsson  
bergsteinn.palsson@acro.is

Björn Öder Ólason  
bjorn.oder@acro.is

Gunnar Freyr Gunnarsson  
gunnar.gunnarsson@acro.is

Hannes Árdal  
hannes.ardal@acro.is

Hilmir Hlér Hannesson  
hilmir.hannesson@acro.is

Kristný Þorgeirsdóttir  
kristny.thorgeirsdottir@acro.is

Sigurkarl Róbert Jóhannesson  
sigurkarl.johannesson@acro.is

Sölvi Danielsson  
solvi.danielsson@acro.is

Þorbjörn Atli Sveinsson  
thorbjorn.sveinsson@acro.is

Þórdís Erla Magnúsdóttir  
thordis.magnusdottir@acro.is